

Skýrsla stjórnar klifurdeildar Fimleikafélagsins Bjarkar á milli aðalfunda 2016-2017

Stjórn deildarinnar

Á aðalfundi 2016 gáfu eftirtaldir kost á sér og voru kjörnir í stjórn:

Sigríður Kr Hafþórsdóttir, formaður.

Björn Hansson, meðstjórnandi.

Nína Sif M. Gilsfjörð, meðstjórnandi.

Kári Jóhannsson, meðstjórnandi.

Guðlaug Helga Þórðardóttir, meðstjórnandi.

Guðbjörg Helga Jónsdóttir, meðstjórnandi.

Ragnheiður Arngrímsdóttir, meðstjórnandi.

Lilja Björk Baldvinsdóttir, meðstjórnandi.

Haldnir voru 3 formlegir fundir á tímabilinu, þjálfarar sitja alla fundi og við skipuleggjum starfið í sameiningu, við í raun setjumt eingöngu niður í byrjun hvorrar annar og setjum niður allar dagsetningar fyrir viðburði annarinnar, í ár gekk það óvenju vel þar sem ég undirrituð og Sjöfn vorum búnar að fara á fund í Klifurhúsið og funda með þeim og Klif-A sem er klifurfélagið á Akranesi og setja niður dagsetningarnar á sameiginlegu mótuin. Einnig eru minni mál oft afgreidd símleiðis eða í tölvupóstum.

Formaður sat fundi aðalstjórnar Fimleikafélagsins á ca tíu vikna fresti og miðlaði upplýsingum til stjórnarmeðlima sinna ýmist með tölvupósti eða á næsta fundi klifurstjórnar.

Starfsárið

Hefur gengið ótrúlega vel, á haustönn vöru 84 iðkendur og nú á nýju ári er iðkendafjöldinn komin í 100 iðkendur og enn berast umsóknir fyrir nýja iðkendur. Þrátt fyrir þennan mikla vöxt hefur starfið gengið mjög vel, stæðstu hópunum hefur verið skipt upp í 2-3 minni hópa og þjálfar skipst á að vera með hópana í litlu eða stóru Björk. Iðkendur frá okkur hafa verið ótrúlega dugleg að mæta innanfélags mótin og einnig á mótaraðina í Klifurhúsinu, einnig hafa Dalvíkurferðirnar og vorhátíðin í Háabjalla verið mjög vel sótt.

Í júní og ágúst var boðið upp á námskeið fyrir hádegi og eftir hádegi voru æfingar fyrir K1, K2 og K3 en í þeim hópum eru þeir krakkar sem hafa klifrað í 2 ár eða lengur, lokað var í júlí.

Iðkendur og þjálfarar

Hópaskipting iðkenda í klifri.

2 byrjendahópar: 2x í viku í 1 klukkutíma í senn.

2 framhaldshópar: 2x í viku, 1,5 tíma í senn og 1x 2 tíma í senn.

2 framhaldshópar: 3x í viku, 2 tíma í senn.

Á haustönn vorum við með 2 þjálfara – Sjöfn og Lóu og svo aðstoðþjálfara, sem voru elstu og reyndustu iðkendur deildarinnar. Örn Arnason eða Öddi var okkur líka innan handar t.d ef það voru veikindi eða frí hjá þjálfurum og einnig aðstoðaði hann við leiðauppsetningu. Öddi sóttist eftir því að koma aftur að þjálfara og var ákveðið um áramótin að hann kæmi aftur inn í þjálfunina og leiðauppsetningu, þannig að nú á vorönn eru við með 3 þjálfara - 18 ára og eldri, sem er í raun nauðsynlegt þar sem hóparnir eru orðnir svo stórir en við getum alltaf kallað inn aðstoðþjálfara ef þess þarf.

Aðstaðan

Aðstaða klifurdeildarinnar stórbættist í haust en þá fengum við leyfi til að fjarlægja innsta hlutann af stúkunni sem var við klifurvegginn og þjónaði í raun engum öðrum tilgangi en að safna rusli. Fengum við í klifurstjórn góðan liðstyrk frá félaginu við að færa stúkuna inn í geymslu og mættum við galvösk í verkefnið sem gekk alveg ótrúlega vel og tók mun minni tíma en við höfðum þorað að vona.

Síðan var hafist handa við að smíða campus vegg, sem var búinn að vera á óskalistanum lengi, það voru vaskir feður og mæður ásamt þjálfara sem unnu þá vinnu og tókst vel til, veggurinn er þrískiptur, við létum útbúa viðargrip (lista) í þremur þykktum sem eru í einu hlutanum, í öðrum hlutanum eru ýmiss grip t.d slóberar og í þriðja hlutanum er pinnabretti. Iðkendur deildarinnar eru virkilega ánægðir með vegginn og hefur hann svo sannarlega aukið fjölbreytnina á æfingum.

Eins og áður hefur komið fram þá þarfnast stóri línuveggurinn viðgerða og erum við búin að reyna að fá upplýsingar frá framleiðandanum hvernig best sé að laga hann, lítið hefur verið um svör, en við erum að gera tilraun núna, með að setja skrúfugöt í krossviðsplötur sem að eru límdar á bak við vegginn, búið er að gera við nokkur göt og ef að þetta reynist vel er hægt að gera við restina og fjölga götum og þá fáum við meiri fjölbreytileika og möguleika í leiðauppsetningu.

Í litlu Björk settum við þak undir svalirnar þannig að þar er loks komið svæði sem er hægt að æfa vel undirhang.

Síðastliðið sumar þá keypti deildin 61 par af klifurskóm í stærðunum 33-47, þessi fjárfesting var algjörlega nauðsynleg því að það höfðu ekki verið til skór til að leigja út, hvorki til iðkenda né fyrir hópa síðastliðin 6-7 ár, en nú eru þeir komnir og því er verkefnið núna að auglýsa og fá hópa og klifrara til að koma og klifra hjá okkur og fá betri nýtingu á veggnum á kvöldin og um helgar þegar engar æfingar eru einnig hefur verið rætt um að gera æfinga hóp fyrir fullorðna.

Það voru keypt 15 ný belti í þremur stærðum, 4 GríGrí, 26 tvistar, 10 karabínur, bustar, stórir kalkpokar, kalk kúlur og laust kalk í desember. Einnig var keypt æfingastöð í janúar sem eldri krakkarnir nota.

Við erum búin að panta grip sem við vonumst til að verði komin til okkar sem fyrst allavegana fyrir Bjarkarmeistaramótið – Vormótið sem verður um miðjan maí.

Mót og keppnir

Við höldum allaf okkar árlegu aðventumót á haustönn og svo Bjarkarmeistaramót á vorönn, en keppt er í línuklifri á þessum mótum, þátttakan er alltaf mjög góð, en flestir iðkendurnir taka þátt, sem er mjög ánægjulegt, allir fá þátttökupening og síðan eru líka verðlaunapeningar fyrir fyrstu 3 sætin.

Bjarkarkrakkur hafa verið mjög dugleg að mæta á grjótblímumótin í Íslandsmeistaramótaröðinni, sem eru haldin í Klifurhúsinu, þar er keppt er í fimm aldursflokkum bæði hjá stelpum og strákuum, í þremur eldri aldursflokkunum eru það 3. stigahæðstu mótin sem tryggja Íslandsmeistaratitil, en í tveimur yngri flokkunum eru einungis áskoranir á hverju móti og allir fá þátttökupening.

Bikarmót eru haldin í Klifurhúsinu en á því móti keppa þeir 6 stiga hæstu í tveimur elstu aldurshópunum í Íslandsmeistaramótaröðinni, 4 keppendur frá okkur höfðu keppnisrétt og stóðu þau sig mjög vel.

Í desember síðastliðnum var í fyrsta skipti haldið Íslandsmót í línuklifri hjá okkur í Björk, við fengum 3 leiðsmiði frá Klifurhúsinu með Sjöfn til að setja upp leiðir fyrir mótið, það var haldið á föstudagskvöldi og skapaðist virkilega góð stemming og var mál manna að vel hefði tekist til og verður spennandi að gera þetta mót að föstum lið á komandi árum.

Við eignuðumst Íslandsmeistara í línuklifri, stökki og grjótblímu :

Brynjar Ari Magnússon í línuklifri - drengir 11-12 ára
Gabríela Einarsdóttir Íslandsmeistari í línuklifri - stúlkur 13-15 ára

Brynjar Ari Magnússon Íslandsmeistari í stökki - drengir 13-15 ára
Gabríela Einarsdóttir Íslandsmeistari í stökki - stúlkur 13-15 ára

Björn Gabríel Björnsson Íslandsmeistari í grjótblímu - drengir 13-15 ára
Óðinn Arnar Freysson Íslandsmeistari í grjótblímu - drengir 11-12 ára
Gabríela Einarsdóttir Íslandsmeistari í grjótblímu - stúlkur 13-15 ára

Við eignuðumst einn bikarmeistara í ár það var Arnar Freyr Hjartarsson – 13-15 ára drengir

Bjarkarmeistari í klifri 2016 drengir: Arnar Freyr Hjartarson.
Bjarkarmeistari í klifri 2016 stúlkur: Gabríela Einarsdóttir.

Gabríela var klifurkona 2016 og Arnar Freyr Hjartarson var klifurmaður 2016.

Fimleikafélagið Björk styrkir nú afrekskrakka 16 ára og eldri. Á næsta keppnistímabili 2017-2018 eigum við verðuga fulltrúa sem geta vel fallið inn í þennan hóp og á þetta eflasut eftir að hjálpa okkur að halda eldri krökkunum lengur hjá okkur.

Félagsstarf

Síðastliðið vor þá héldum við vorhátíðina okkar í Háabjalla, eins og síðastliðin ár, við vorum sæmilega heppin með veður, við förum saman foreldrar og iðkendur, krakkarnir klifra, við erum með slack line og svo endum við á því að grilla saman, þetta er kjörið tækifæri til að kynna krakkana fyrir útiklifri, þetta er orðinn árviss viðburður hjá okkur, við ætlum að breyta til núna í vor og stefnum á að fara á laugardegi eða sunnudegi og vera þá um hádegisbil, því undan farin ár höfum við farið í miðri viku og

verið komin í Háabjalla um kl 17:00 svæðið er þannig staðsett að sólin fer í hvarf við klettana litlu eftir að við komum og þá getur orðið ansi napurt.

Í sumar voru norrænu klettaklifurbúðirnar NYC (Nordic Youth Camp) haldnar á Álandseyjum, það fóru 10 krakkar frá Íslandi, allir frá Björk, Sjöfn og Didda fóru sem þjálfarar og fararstjórar með hópnum. Ferðin tókst mjög vel í alla staði, fjölbreytt klifuraðstaða og frábært veður. Núna í ár verða búðirnar haldnar hér á Íslandi og er undirbúningsvinna hafin og biðum við spennt að sjá hvað margir erlendir þátttakendur koma hingað, því við heyrðum það síðastliðið sumar að það er mikil spenna fyrir þessu hér í ár.

Við erum búin að fara í tvær æfingaferðir til Dalvíkur. Þessar ferðir eru alltaf skemmtilegar og takast alltaf vel, verslað er inn fyrir allan hópinn og allt er sameiginlegt. Það er mikið klifrað, farið í ýmsa klifurleiki og við gistum allaf í Víkurröst þar sem klifuraðstaðan er. Það er farið í sund, farið í göngutúr og keyptur ís. Það er gaman að segja frá því að núna í síðustu ferð sem farin var síðastliðna helgi þá buðust fjórir foreldrar til að koma og aðstoða við ferðina, við höfum þurft að fá maka stjórnarfolks og systkini iðkenda til að koma með til að hægt sé að fara í ferðirnar, því við sendum ekki 1 eða 2 þjálfara með 20-30 iðkendur af stað í æfingaferð, það hefur því miður aðeins vantað upp á áhuga foreldra en það stendur aldrei á börnunum varðandi þessar ferðir.

Við fórum á Sumardaginn fyrsta í útiklifur í Akrafjalli, þetta er þriðja skiptið sem að við förum og svæðið er alltaf að verða stærra, stöðugt verið að finna nýjar boulder leiðir og búið að bolta fleiri línuleiðir.

Undan farin ár höfu við sótt um Umhverfisstjórnina hjá Hafnarfjarðarbæ sem fjáröflun fyrir deildina en í ár þá breyttum við umsókninni og sóttum um fyrir NYC fara, þ.e.a.s fyrir krakkan sem fóru til Álandseyja og rann því peningurinn alfarið til þeirra.

Klifurdeildin tók þátt í fyrsta Þorgerðardeginum, en það á að halda hann hátíðlegan ár hvert Þorgerði Maríu Gísladóttur, stofnanda félagsins til heiðurs, þetta var virkilega skemmtilegur dagur og tókst vel til, margir komu og kynntu sér starsemi félagsins og prófuðu hinar ýmsu greinar sem eru í boði hjá félaginu.

Lokaorð

Starfsárið hefur gengið mjög vel, deildin glímir við það lúxusvandamál að iðkendafjöldinn eykst og eykst og eru núna rúmlega 100 iðkendur og hafa þeir aldrei verið fleiri sem er virkilega ánægjulegt, við verðum svo sannarlega að vanda okkur og skipuleggja starfið vel og halda vel utan um deildina okkar svo hún haldi áfram að vaxa og dafna með okkar frábæru iðkendum sem einnig eru að vaxa og dafna og klifra af eigin forsendum, full af áhuga, í miserfiðum klifurleiðum, það er jú það sem starfið okkar gengur út á, er það ekki? ;-)

Formaður klifurdeildar Sigríður Kr. Hafþórsdóttir (Didda) gefur kost á sér áfram.

Kári Jóhannsson/Guðlaug Helga Þórðardóttir, meðstjórnendur gefa kost á sér áfram.

Lilja Björk Baldvinsdóttir, meðstjórnandi gefur kost á sér áfram.

Guðbjörg Helga Jónsdóttir, meðstjórnandi gefur kost á sér áfram.

Ragnheiður Arngrímsdóttir, meðstjórnandi gefur ekki kost á sér áfram.

Björn Hansson, meðstjórnandi gefur ekki kost á sér áfram.

Nína Sif M. Gilsfjörð, meðstjórnandi gefur ekki kost á sér áfram.

Garðar Þór Magnússon, meðstjórnandi, gefur kost á sér sem nýr í stjórn.

Birni, Nínu og Ragnheiði þökkum við samstarfið í klifurstjórn.

Fyrir hönd stjórnar
Sigríður Kr. Hafþórsdóttir,
formaður klifurdeildar Bjarkar.